



# Umsókn um starfsleyfi þjónustuaðila slökkvikerfa

# 6.013

Útgáfa 1.3  
Dags. 15.02.2015

Samkvæmt reglugerð um þjónustuaðila brunavarna nr. 1067/2011

## 1 UMSÆKJANDI

Nafn		Kennitala	
Heimilisfang		Staður og póstnúmer	
Sími		Farsími	
Netfang			

## 2 ÁBYRGÐARMAÐUR

Nafn ábyrgðarmanns	
Kennitala ábyrgðarmanns	

Undirskrift ábyrgðarmanns:

Ég : \_\_\_\_\_ Kennitala: \_\_\_\_\_

samþykki með undirskrift minni að bera faglega ábyrgð á þeirri þjónustu við slökkvikerfi sem veitt verður á vegum umsækjanda, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1067/2011.

## 3 STARFSMENN

Nöfn og kennitölur starfsmanna umsækjanda sem munu annast þjónustu við slökkvikerfi og hafa viðurkenningu Mannvirkjastofnunar til að inna slík störf af hendi:

Nafn	Kennitala	Viðurkenning MVS

## 4 TEGUNDIR SLÖKKVIKERFA

Tegundir slökkvikerfa sem sótt er um heimild til að annast:

1	
2	
3	
4	
5	

Ath! Ef sótt er um heimild fyrir fleiri tegundum slökkvikerfa en rúmast á eyðublaðinu er umsækjandi beðinn um að skila sérblaði.

## 5 GÖGN SEM FYLGJA SKULU UMSÓKN

- Afrit af viðurkenningu Mannvirkjastofnunar á þeim starfsmönnum sem fyrirhugað er að sinna þjónustu við slökkvikerfi ásamt afriti af viðurkenningu ábyrgðarmanns.
- Afrit af meistarabréfi ábyrgðarmanns sem pípulagningarmeistara eða staðfesting á sambærilegri menntun.
- Staðfesting á þriggja mánaða starfsreynslu ábyrgðarmanns hjá þjónstuaðila með starfsleyfi.
- Staðfesting á starfsþjálfun ábyrgðarmanns og starfsmanna hjá framleiðanda eða söluaðila þeirra slökkvikerfa sem umsækjandi hyggst þjónusta í samræmi við kröfur framleiðanda.
- Afrit af gæðahandbók vegna starfseminnar.

## 6 UNDIRSKRIFT UMSÆKJANDA

\_\_\_\_\_ Dags.

\_\_\_\_\_ F.h. umsækjanda



## Leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaðs:

### 1 UMSÆKJANDI

Starfsleyfi er gefið út á nafn og kennitölu þjónustuaðila.

### 2 ÁBYRGARMAÐUR

Umsækjandi skal tilnefna ábyrgðarmann úr hópi þeirra starfsmanna sinna sem hafa viðurkenningu Mannvirkjastofnunar til að veita þjónustu við uppsetningu, viðhald og þjónustu slökkvikerfa. Ábyrgðarmaður ber faglega ábyrgð á að sú þjónusta sem veitt er á vegum umsækjanda og fellur undir reglugerð um þjónustuaðila brunavarna uppfylli gildandi kröfur.

Ábyrgðarmaður skal vera pípulagningameistari eða með sambærilega menntun. Hann skal hafa minnst þriggja mánaða vottaða starfsreynslu hjá þjónustuaðila með starfsleyfi.

Ábyrgðarmaður skal undirrita eigin hendi þar til gerðan reit á umsóknareyðublaði til staðfestingar á að hann taki að sér að faglega ábyrgð á þeirri þjónustu við slökkvikerfi sem veitt er á vegum umsækjanda.

### 3 STARFSMENN

Tilgreina skal alla þá starfsmenn sem fyrirhugað er að annist uppsetningu, viðhald og þjónustu slökkvikerfa á vegum umsækjanda og falla undir reglugerð um þjónustuaðila brunavarna. Þeir skulu hafa sótt námskeið sem Mannvirkjastofnun samþykkir, staðist próf að því loknu og fengið útgefna viðurkenningu Mannvirkjastofnunar því til staðfestingar, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 1067/2011. Það er skilyrði fyrir útgáfu starfsleyfis að þjónustuaðili hafi nægan fjölda viðurkenndra starfsmanna í sinni þjónustu.

Starfsmenn skulu einnig geta sýnt fram á að þeir hafi fengið fullnægjandi þjálfun og leiðbeiningu hjá framleiðanda eða söluaðila slökkvikerfa um prófun og viðhald á þeim í samræmi við kröfur framleiðanda.

### 4 TEGUNDIR SLÖKKVIKERFA

Tilgreina skal þær gerðir slökkvikerfa sem umsækjandi óskar eftir heimild til að annast. Leiðbeiningar framleiðanda eða umboðsmanns búnaðar skulu vera tiltækar á starfsstöð umsækjanda. Leiðbeiningarnar skulu sýndar úttektarmanni

### 5 UNDIRSKRIFT UMSÆKJANDA

Hér skal umsækjandi skrifa undir þ.e. sá sami og er tilgreindur í lið 1, eða fulltrúi hans. Prenta þarf eyðublaðið út eftir að það hefur verið útfyllt og undirrita eigin hendi og koma til Mannvirkjastofnunar að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

### 6 GÖGN SEM FYLGJA SKULU UMSÓKN

Fylgigögn með umsókn má senda skönnuð sem viðhengi við tölvupóst á netfangið [mvs@mvs.is](mailto:mvs@mvs.is) eða með faxi á númer 591 6901. Senda skal afrit af umsókn með fylgigögnum.